

Mál nr. 159/2006
M
og
Vátryggingafélagið V v. A) og B

Árekstur bifreiða á Smiðjuvegi í Kópavogi þ. 15.7.2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 23.8.2006. ásamt bréfi dags. 20.7.2006.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 597/06
3. Tjónaskýrsla dags. 15.7.2006.
4. Bréf V dags. 31.7., 4.8. 8.9. og 14.9. 2006.

Málsatvik.

A og B óku inn á hringtorg við Smiðjuveg í Kópavogi og var A í ytri hring og B í innri. Þegar B ætlaði að aka út úr hringorginu var henni ekið á B sem ætlaði áfram í ytri hring yfir gatnamótin. Ökumaður A segir að A og B hafi verið ekið samhliða inn í hringtorgið og þar sem að ökumaður B hafi ekki sýnt neina tilburði til að fara út úr hringtorginu og auk þess verið að tala í farsíma án handfrjáls búnaðar þá hafi A haldið áfram leið sinni í hringnum. Ökumaður B segist hafa beygt út úr hringtorginu á öðrum gatnamótunum sem hann kom að frá því að ekið var inn í hringtorgið. Í bréfi sínu frá 20.7.2006 gerir M ýmsar athugasemdir við vinnubrögð lögreglu sem kom á staðinn og setur fram ákveðnar fullyrðingar sem ekkert liggur fyrir um annað en það sem fram kemur í bréfinu. Lögregluskýrsla var ekki gerð og reikna verður með að öll tiltæk gögn hafi skilað sér til Úrskurðarnefndarinnar.

Álit.

Af afstöðumynd á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita sést að B ætlar að aka út úr hringtorgi en A er þá ekið í veg fyrir B og ber því alla sök á árekstrinum þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að í umrætt sinn hafi B hagað akstri sínum þannig að sök verði á hann felld.

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík. 4.10.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.